

Fyrirspurn

til umhverfisráðherra um verndarsvæði samkvæmt Ramsar-samþykktinni.

Frá Katrínu Fjeldsted.

1. Hve mörg svæði hérlendis hafa verið útnefnd verndarsvæði samkvæmt Ramsar-samþykktinni um vernd votlendis, sem samþykkt var á Alþingi 5. maí 1977, og hvenær voru þau útnefnd? Hafa borist rökstuddar ábendingar um að fjölga þeim?
2. Hvaða áhrif hefur samþykktin haft á verndun votlendis hér á landi?
3. Hvernig er mikilvægi votlendissvæða metið?
4. Hvaða áhrif mun það hafa á verndun votlendis á Íslandi að síðastliðið vor var sett fram það markmið að árið 2005 verði Ramsar-svæði orðin tvö þúsund, en þau munu nú vera um eitt þúsund talsins?